ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

**Nr. 20**

**16. árgangur**

**16.4.2009**

| | | | |
|---|---|---|---|
| | **I** | **EES-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **EES-ráðið** | |
| | **2.** | **Sameiginlega EES-nefndin** | |
| | **3.** | **Sameiginlega EES-þingmannanefndin** | |
| | **4.** | **Ráðgjafarnefnd EES** | |
| | **II** | **EFTA-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **Fastanefnd EFTA-ríkjanna** | |
| | **2.** | **Eftirlitsstofnun EFTA** | |
| | **3.** | **EFTA-dómstóllinn** | |
| | **III** | **EB-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **Ráðið** | |
| | **2.** | **Framkvæmdastjórnin** | |
| **2009/EES/20/01** | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5403 – Lufthansa/ British Midland) | 1 |
| **2009/EES/20/02** | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5479 – Lonza/ Teva/JV) | 2 |
| | **3.** | **Dómstóllinn** | |

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/20/01**

**(Mál COMP/M.5403 – Lufthansa/British Midland)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. apríl 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Deutsche Lufthansa AG („Lufthansa") öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu British Midland.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Lufthansa: farþega- og fraktflug ásamt tilheyrandi þjónustu (veitingum um borð, tölvuþjónustu og viðhaldi, viðgerðum og skoðun flugvéla

   – British Midland: farþega- og fraktflug, viðhald, viðgerðir og skoðun

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 87, 16. apríl 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5403 – Lufthansa/British Midland, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/20/02**

**(Mál COMP/M.5479 – Lonza/Teva/JV)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. apríl 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækin Lonza Group Ltd („Lonza“) og Teva Pharmaceuticals Industries Ltd („Teva“) stofna til sameiginlegs fyrirtækis í skilningi 4. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Lonza: ýmis þjónusta allt frá rannsóknum til framleiðslu fullunninnar vöru á sviði lyfja-, lækninga- og lífvísindavöru

   – Teva: þróun, framleiðsla og markaðsfærsla á samheitalyfjum og frumlyfjum ásamt virkum lyfjaefnum

   – Sameiginlega fyrirtækið: þróun, framleiðsla og markaðsfærsla á „líflíkum“ lyfjum um allan heim

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 87, 16. apríl 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5479 – Lonza/Teva/JV, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.